

## Sveitarstjóri Dalabyggð

---

**From:** Linda Rós Alfreðsdóttir <linda.ros.alfredsdottir@frn.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 21. október 2020 14:57  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð  
**Subject:** Fw: Móttökusveitarfélög – beiðni félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í tilraunaverkefni

**Categories:** Vistað í OneCRM; 2010016  
**One:** -1

Tilvísun í mál: FRN20100157

Heill og sæll Kristján,

Ég sendi þér hérna bréfið þar sem ráðuneytið er formlega að leitast eftir sveitarfélögum sem eru tilbúin til þess að taka þátt í að vera móttökusveitarfélaga.

Kær kveðja Linda Rós

**Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur**  
Félagsmálaráðuneyti / Ministry of Social Affairs  
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8100  
[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## Bréf

---

Dalabyggð  
Kristján Sturlusson  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

, 21. október 2020  
FRN20100157

### Efni: Móttökusveitarfélög – beiðni félagsmálaráðuneytisins um þátttöku í tilraunaverkefni

Samræmd móttaka flóttafólks hefur verið í undirbúningi hjá félagsmálaráðuneytinu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila í nokkurn tíma. Flóttafólki sem kemur hingað á eigin vegum hefur fjölgað verulega á síðustu árum á sama tíma og stjórnvöld hafa unnið markvisst að því að fjölga móttöku flóttafólks í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Nefnd um samræmda móttöku flóttafólks var skipuð til þess að kortleggja stöðu og þjónustu við flóttafólk og leggja fram tillögur að samræmdri móttöku flóttafólks. Nefndin skilaði [skýrslu með tillögum](#) að fyrirkomulagi að samræmdri móttöku þar sem sveitarfélög, Vinnumálastofnun og Fjölmenningssetur gegna lykilhlutverkum. Í kjölfarið var skipaður starfshópur með fulltrúum frá félagsmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og formanni félagsmálastjóra um gerð samninga við móttökusveitarfélög á grundvelli kröfulýsingar og hefur viljayfirlýsing um samstarf verið undirrituð. Samningurinn felur meðal annars í sér að greitt er fyrir ákveðið starfshlutfall miðað við fjölda einstaklinga sem móttökusveitarfélagið tekur á móti og annast þjónustu við á grundvelli kröfulýsingar. Meðal þess sem kemur fram í kröfulýsingunni eru regluleg viðtöl við þjónustuþega, gerð einstaklingsbundinna áætlana og þá er kveðið á um að móttökusveitarfélög hafi milligöngu um að einstaklingnum standi til boða húsnæði til leigu á almennum leigumarkaði í þeirra sveitarfélagi. Félagsmálaráðuneytið endurgreiðir einnig samkvæmt samningnum sveitarfélaginu sérstakar húsléigabætur í eitt ár. Þá eru samtals 20 m.kr. settar í þróunarverkefni hjá móttökusveitarfélagunum á tímabilinu.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þá endurgreiðir ríkissjóður jafnframt útlagðan kostnað vegna aðstoðar við erlendra ríkisborgara skv. 12.-13. gr. laganna sem átt hafa lögheimili í landinu skemur en tvö ár.

Um er að ræða reynsluverkefni til eins árs en úttekt á verkefninu verður gerð til þess að leggja mat á verkefnið og greina nánar þörf fyrir úrbætur.

Félagsmálaráðuneytið leitar að sveitarfélögum sem eru áhugasöm um að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni. Óskað er eftir fundi með áhugasömum sveitarfélögum til þess að kynna verkefnið og innihald samninga við móttökusveitarfélög.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra

---